

Ed.

### 320. Nefndarálit

um frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Nefnd sú, er efri deild Alþingis skipaði í þetta mál, hefir athugað það og haldið um það nokkra fundi, og einnig rætt um það við símastjóra landsins, og leggur til, að hin háttv. deild samþykki það.

Þó leyfir hún sjer að leggja til, að gerðar sjeu á því nokkrar breytingar.

Að vísu hefði hún kosið, að ýmsar af þeim línunum, sem nefndar eru í 4. gr. frumvarpsins, væru gerðar að 2. flokks línunum, svo sem línurnar til Þingvalla, Unaóss og Borgarfjarðar, Súgandafjarðar, Hvammstanga, austur á Síðu og jafnvel fleiri. En þar sem taka yrði lán til að leggja þær, og fjárhagur landsjóðs er þröngur sem stendur, þykir henni varhugavert að gera margar slíkar breytingartillögur að svo komnu, en leggur þó til, að línan frá Reykjavík til Þingvalla verði sett í 2. flokk, og er það með samþykki símastjóra. Til Þingvalla leggja útlendir ferðamenn venjulega leið sína, og aðrar ferðir eru einnig tíðar þangað úr Reykjavík. Má því búast við, að sá sími yrði mikið notaður um sumartímann; enda er eigi of mikið gert af landsins hálfu, til að greiða hjer fyrir útlendum ferðamönnum, þó að sími þessi væri lagður sem fyrst. En þar sem hann yrði sjerstaklega lagður vegna útlendinga, og annars mundi verða dregið að leggja hann, þykir nefndinni eigi rjett, að heimta tillag til hans frá hjeruðum, en ætlast aftur á móti til, að um starfrækslukostnað á Þingvelli fari eins og á öðrum stöðvum, er línunum 2. flokks heyra.

Meiri hluti nefndarinnar leggur einnig til, að línan frá Ölfusárbrú til Vestmannaeyja verði gerð að 1. flokks línu, þar eð hún er ein hin arðsamasta línan á landinu, eftir þeirri reynslu, sem fengin er, og hefir auk þess almenna þýðingu alt árið, bæði að því er snertir skipaferðir og fiskiveiðar. En þar sem eyjarnar losna með þeim hætti við talsverðan starfrækslukostnað, þótti tillögmönnum þetta því að eins gerandi, að vísu fengist fyrir því, að þær vildu leggja nokkurt fje til símans frá Miðey til Víkur, sem telja má þeim skyldast að leggja til af öllum símunum, þá er línunni til Reykjavíkur sleppir. Fyrir því hefir verið spurst fyrir um það hjá sýslunefnd Vestmannaeyja, og hún gefið það svar í símskeyti, að hún hafi á fundi í gær samþykkt, að leggja til Víkursímans 1000—2000 kr., ef Vestmannaeyjastöðin yrði 1. flokks stöð.

Ef línan til Vestmannaeyja verður 1. flokks lína, má búast við því, að

Rangæingar óski að fá endurgreiddar þær 4000 kr., sem þeir hafa lagt til hennar, og býst nefndin við, að þinginu þyki rjett, að taka þá ósk til greina á sínum tíma, en álitur, að það ætti þó að veitast með því skilyrði, að 2000 kr. af þeirri upphæð væru lagðar til Víkursímans. Yrði þá ekki mjög þungt tillag það, er Skaftfellingar yrðu til hans að leggja, enda liggur fyrir, að þeir verði einir að leggja fram tiltölulega mikið fjá, þegar til þess kemur, að halda símanum lengra austur. En þar sem háttv. neðri deild lækkaði hjeradstillagið til Víkursímans um 1000 kr. frá því sem í stjórnarfrumvarpinu stóð, með tilliti til áður nefnds framlags Rangárvallasýslu, sem deildin ætlaðist til að hjeldist, leggur nefndin til, að aftur verði upp tekin tillaga stjórnarinnar og tillagið látið vera 5000 kr., ef samþykkt verður, að línan til Vestmannaeyja verði 1. flokks lína.

Loks hefir nefndin samþykkt að leggja það til, að 1. liður í breytingartill. á þingskjali 254 verði samþykktur; en 2. lið þeirra tekur flutningsmaður aftur.

#### BREYTINGARTILLÖGUR nefndarinnar verða þá þessar:

1. Við 2. gr., 3. lið: Fyrir »Reykjavík — Ölfusárbrú« komi: Reykjavík — Ölfusárbrú — Vestmannaeyjar.
2. Við 3. gr.: 15. og 18. liður falli burtu, en í þeirra stað komi á eftir 17. lið í frumvarpinu nýr liður:  
Reykjavík — Þingvellir.
3. Við 4. gr.: Orðin »frá Reykjavík til Þingvalla« falli burt.
4. Við 5. gr.: Fyrir »Til 20. liðs 2. flokks 4000 kr.« komi: Til 20. liðs 2. flokks 5000 kr.
5. Tölurnar í 2., 3. og 5. gr. breytist eftir því sem samþykkt verður.

Efri deild Alþingis, 19. ágúst 1912.

Björn Þorláksson,  
formaður.

Einar Jónsson,  
skrifari og framsögumaður.

Þórarinn Jónsson  
(með fyrirvara).

Sig. Eggerz.

Guðjón Guðlaugsson.